

annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum sveitarsjóðs og fyrir-
tækja hans, eftir því sem sveitarstjórn ákveður. Hann er féhirðir sveitarstjórnar og
reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og
bréfaviðskipti. Hann geymir bækur sveitarstjórnarinnar, innistæðufé hreppsins, verð-
bréf og önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og sveitarstjórn á að
bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í
5. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd sveitarstjórnar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra,
eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, og skal þar nánar kveðið
á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju
sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af sveitarstjórn.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi
í starfi og skeytir ekki áminningum sveitarstjórnar, getur hún þá með fundarsam-
þykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa
frávikningu, svo fljótt sem við verður komið.

Sveitarstjórn ákveður, hvort oddviti eða annar sveitarstjórnarmaður taki við
starfi sveitarstjóra og gegni því uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur samið og samþykkt,
staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar
í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. apríl 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Hveragerðishreppi.

I. KAFLI

Gatnagerðargjöld A-flokkur.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Hveragerði þar með talið
bílskúrar og geymslur, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum skal greiða gatnagerðar-
gjald til sveitarsjóðs.

2. gr.

Gjaldið reiknast af lóðarstærð, svo og stærð byggingar sem ákveðinn hundraðs-
hluti af byggingarkostnaði pr. rúmmetra eins og hann er reiknaður af Hagstofu

Íslands hverju sinni. Miðað skal við vísitölu byggingarkostnaðar 2510 í janúar 1977 og rúmmetra vísitöluhúss kr. 23 334.00 með þeim breytingum er síðar kunna að verða. Gjald sem reiknast af lóðarstærð breytist í samræmi við vísitöluna.

Gjald í A-flokki er sem hér segir:

1. Einbýlishús	lóð kr. 300 pr. m ² og hús 4.0 % pr. m ³
2. Raðhús 1 hæð	lóð kr. 300 pr. m ² og hús 3.5 % pr. m ³
3. Raðhús 2 hæðir og fjölbýlishús	lóð kr. 300 pr. m ² og hús 0.75% pr. m ³
4. Versl.- og skrifstofuhúsn. af fyrstu 1000 m ³	lóð kr. 300 pr. m ² og hús 2.0 % pr. m ³
af því sem er umfram 1000 m ³	lóð kr. 300 pr. m ² og hús 1.0 % pr. m ³
5. Iðnaðarhús	lóð kr. 300 pr. m ² og hús 0.5 % pr. m ³
6. Gróðurhús	lóð kr. 100 pr. m ² og hús 0.5 % pr. m ³

3. gr.

- a) $\frac{1}{4}$ hluti áætlaðs gatnagerðargjalds greiðist þegar lóð hefur verið úthlutað enda tekur úthlutun ekki gildi fyrr en gjaldið hefur verið greitt.
- b) Gjald skv. 2. gr. fellur í gjalddaga þegar byggingarleyfi er samþykkt í byggingarnefnd og miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins þann dag.

II. KAFLI

Gatnagerðargjöld B-flokkur.

4. gr.

Af öllum fasteignum við þær götur í Hveragerði sem bundið slitlag er sett á og gangstéttir lagðar, skal greiða gatnagerðargjald til sveitarsjóðs, enda sé ekki lengri tími liðinn en fimm ár frá því að framkvæmdum var lokið.

5. gr.

Gjaldið reiknast af lóðarstærð og/eða stærð byggingar með sama hætti og A-gjald skv. 2. grein.

Gjald í B-flokki er sem hér segir:

1. Einbýlishús	lóð kr. 300 pr. m ²
2. Raðhús 1 hæð	lóð kr. 300 pr. m ²
3. Raðhús 2 hæðir og fjölbýlishús	lóð kr. 300 pr. m ²
4. Versl.- og skrifstofuhúsn.	lóð kr. 300 pr. m ² hús 0.5% pr. m ³
5. Iðnaðarhús	lóð kr. 100 pr. m ² hús 0.5% pr. m ³
6. Gróðurhús	lóð kr. 100 pr. m ²

6. gr.

Gjald skv. 5. gr. greiðist þannig:

20% gjaldsins greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið.

80% gjaldsins greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum. Vextir skulu vera þeir sömu og vextir eru hverju sinni af lánum þeim sem Byggðasjóður lánar til gatnagerðar.

Lokagreiðsla gatnagerðargjaldsins skal þó ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð.

7. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að vikja frá gjalddögum á B-gjaldi skv. 6. gr. í eftirfarandi tilfellum:

1. Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- og örorkulífeyrisþegar.
2. Þegar greiða skal á sama tíma bæði A- og B-gjöld.

8. gr.

Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða, skal reikna gjaldið eftir viðkomandi liðum.

Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, skal húseigandi greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af húsnæðinu fyrir og eftir breytingu.

9. gr.

Ef um er að ræða lóð sem á standa bæði íbúðar- og gróðurhús er hreppsnefnd heimilt að áætla stærð lóðar fyrir íbúðarhúsið til álagningar gatnagerðargjalda.

10. gr.

Gatnagerðargjöldum fylgir lögveð í viðkomandi eign.
Heimilt er að taka gjöld samkv. reglugerð þessari lög taki.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 shr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

S A M Þ Y K K T**um hundahald í Grundarfirði.**

1. gr.

Hundahald er bannað í Grundarfirði.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita einstaklingum búsettum í sveitarfélaginu undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal greiða í sveitarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í sveitarfélaginu og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega.
- c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannaferi, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Bannað er að fara með hunda inn á leikvelli, skóla, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.